

Sparisjóður Suður-Pingeyinga

Ársreikningur 2011

Sparisjóður Suður-Pingeyinga
Kjarna
650 Laugar

kt. 530990-2149

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Ársreikningur Sparisjóðs Suður-Þingeyinga er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur FME nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður út frá sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi 2011 nam hagnaður ársins 16,8 millj.kr. en bókfært eigið fé í lok árs nam 333,7 millj. kr. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 9,0% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Stofnfjáreignendum voru 257 í ársbyrjun en 252 í árslok og fækkaði því um fimm stofnfjáraðila á árinu. Stofnfé sparisjóðsins nam í árslok 59,2 millj. kr. og er í eigu 252 stofnfjáraðila og átti enginn aðili yfir 5% eignarhlut í sparisjóðnum.

Stjórn sjóðsins leggur til 9% hækkun á nafnverði stofnfjár og að greiddur verði 5% arður af stofnfé á árinu 2012 vegna rekstrarársins 2011. Um frekari ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum er vísað til ársreikningsins.

Helstu rekstraráherslur á árinu 2011 og framtíðarhorfur

Megin áherslur í rekstri sparisjóðsins á árinu 2011 var þjónusta við fyrirtæki og einstaklinga. Erlendum lánnum sjóðsins hefur ekki verið breytt í lán í íslenskum krónum, hvort sem lánin voru talin falla undir dóma um ólöglegt gengistryggð lán eða ekki og því ríkir enn nokkur óvissa um verðmæti eigna. Í skýringu 19 er fjallað um möguleg áhrif þessa.

Þá var í samstarfi við aðra sparisjóði unnið að framtíðarskipulagi sparisjóðanna. Sparisjóðunum hefur fækkað verulega á undanförunum árum og eru þeir nú níu talsins og á ríkið meirihluta eða verulegan hlut í fjórum af þessum níu sjóðum.

Stjórnarhættir

Stjórn sparisjóðsins hefur á árinu 2011 unnið að undirbúningi að setningu og innleiðingu á ýmsum reglum er varðar rekstur og stjórn sjóðsins. Í því sambandi hefur meðal annars verið stuðst við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði. Sjóðurinn mun birta þær reglur er varða stjórnarhætti hjá sjóðnum á heimasíðu sinni. Í dag skipa stjórn sjóðsins fimm einstaklingar og eru þeir allir óháðir stærstu stofnfjáreignendum.

Yfirlýsing stjórnar og sparisjóðsstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og sparisjóðsstjóra er ársreikningur sjóðsins í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur FME nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana. Er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2011 og rekstrarafkomu sjóðsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2011.

Jafnframt er það álit stjórnar og sparisjóðsstjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri sparisjóðsins, stöðu hans og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem sparisjóðurinn býr við.

Stjórn og sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Suður-Þingeyinga hafa í dag rætt ársreikning sparisjóðsins fyrir árið 2011 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og sparisjóðsstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Laugum, 28. mars 2012

Stjórn:

Ari Teitsson, formaður
Margrét Hólm Valsdóttir
Kolbrún Úlfadóttir
Dagur Jóhannesson
Björn G. Yngvason

Sparisjóðsstjóri:

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og stofnfjáreigenda í Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sparisjóðs Suður-Þingeyinga fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu hans 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglur FME nr. 834/2003 um reikningsskil lánastofnana.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 28. mars 2012

KPMG ehf.

Arnar Árnason

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir		158.199.175	357.139.079
Vaxtatekjur af útlánum		313.548.243	257.098.356
		<u>471.747.418</u>	<u>614.237.435</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld til lánastofnana		1.432.590	4.419.112
Vaxtagjöld af innlánum		265.572.080	364.841.633
		<u>267.004.670</u>	<u>369.260.745</u>
		Hreinar vaxtatekjur	204.742.748
			244.976.690
Aðrar rekstrartekjur:			
Gjöld af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum	5	(2.083.015)	(20.238.920)
Þjónustutekjur	4	41.021.434	40.358.397
Þjónustugjöld		(8.603.879)	(7.846.943)
Gengishagnaður	5	14.778.189	893.053
Aðrar rekstrartekjur		6.060.930	5.876.392
		<u>51.173.659</u>	<u>19.041.979</u>
		Hreinar rekstrartekjur	255.916.407
			264.018.669
Önnur rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	6	74.230.556	70.778.037
Annar almennur rekstrarkostnaður		118.063.695	80.568.787
Afskriftir	12	1.332.904	1.332.904
		<u>193.627.155</u>	<u>152.679.728</u>
Framlag í afskriftarreikning útlána	10	(38.829.036)	(76.155.626)
		Hagnaður fyrir tekjuskatt	23.460.216
			35.183.315
Tekjuskattur	8	(6.645.119)	(9.641.046)
Hagnaður ársins	16	<u>16.815.097</u>	<u>25.542.269</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Sjóður og óbundnar innstæður í Seðlabanka		2.699.011.381	3.213.493.527
Kröfur á lánastofnanir	9	596.608.843	1.242.257.824
Útlán til viðskiptamanna	10	3.144.471.850	2.836.767.879
Fullnustueignir	10	107.875.030	70.875.030
Skuldabréf og verðbréf með föstum tekjum	11	30.576.791	33.469.709
Hlutabréf og önnur verðbréf með breytilegum tekjum	11	31.562.506	32.240.222
Hlutir í hlutdeildarfélögum	11	12.294.000	12.356.466
Rekstrarfjármunir	12	37.316.927	38.649.831
Skatteign		0	344.647
Ýmsar eignir		6.010.543	1.112.815
Áfallnar tekjur		1.092.539	1.058.580
Eignir samtals		<u>6.666.820.410</u>	<u>7.482.626.530</u>
Skuldir			
Skuldir við lánastofnanir		119.007.389	144.765.837
Óbundin innlán		4.290.958.621	4.792.510.311
Bundin innlán	14	1.826.094.880	2.119.694.936
Ýmsar skuldir		60.428.649	65.096.144
Áfallin gjöld		28.487.051	24.309.112
Ógreiddir áætlaðir skattar		6.305.970	12.729.271
Tekjuskattsskuldbinding	15	1.852.108	0
Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>6.333.134.668</u>	<u>7.159.105.611</u>
Eigið fé			
Stofnfé		59.198.610	53.161.692
Varasjóður		274.487.132	270.359.227
Eigið fé samtals	16	<u>333.685.742</u>	<u>323.520.919</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>6.666.820.410</u>	<u>7.482.626.530</u>
Liðir utan efnahagsreiknings:			
Skuldbindingar vegna viðskiptamanna	17		
Aðrar skuldbindingar	17		

Eiginfjáryfirlit árið 2011

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Árið 2011			
Eigið fé 1. janúar 2011	53.161.692	270.359.227	323.520.919
Arðgreiðsla	6.343.596	(12.687.192)	(6.343.596)
Hagnaður ársins		16.815.097	16.815.097
Innlausn stofnfjár	(306.678)	0	(306.678)
Eigið fé 31. desember 2011	<u>59.198.610</u>	<u>274.487.132</u>	<u>333.685.742</u>
Árið 2010			
Eigið fé 1. janúar 2010	54.709.439	244.816.958	299.526.397
Hagnaður ársins		25.542.269	25.542.269
Innlausn stofnfjár	(1.547.747)		(1.547.747)
Eigið fé 31. desember 2010	<u>53.161.692</u>	<u>270.359.227</u>	<u>323.520.919</u>

Skýringar

1. Félagið

Sparisjóður Suður-Pingeyinga er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar sparisjóðsins eru í Kjarna, 650 Laugum.

Hlutverk Sparisjóðs Suður-Pingeyinga er að bjóða alhliða fjármálaþjónustu til einstaklinga og fyrirtækja.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2011.

b. Vaxtatekjur og vaxtagjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikninginn eftir því sem þau falla til og er miðað við virka vexti. Vaxtatekjur reiknast af kröfum á aðrar lánastofnanir, útlánnum og markaðsbréfum. Vaxtagjöld reiknast af skuldum við lánastofnanir, innlánnum, lántöku og víkjandi lánnum. Hafi útlán verið meira en þrjá mánuði í vanskilum eða metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti af þeim. Tekjur og gjöld sem jafna má til vaxta, svo sem lántökugjöld, eru færð með vaxtatekjum og gjöldum, eftir því sem þau falla til.

c. Þjónustutekjur

Sparisjóðurinn veitir viðskiptamönnum sínum ýmsa þjónustu og hefur af því tekjur. Undir þjónustutekjur falla tekjur af ráðgjöf til fyrirtækja og annarra viðskiptamanna. Þjónustutekjur eru færðar í rekstrarreikningi sjóðsins þegar þær verða til.

d. Tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum

Undir tekjur af hlutabréfum og öðrum eignarhlutum fellur hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага, ásamt arði af fjárfestingarhlutabréfum. Arður af veltuhlutabréfum er hins vegar færður til tekna með gengismun af veltuhlutabréfum í rekstrarreikningi.

e. Útlán

Útlán til viðskiptamanna eru færð til eignar með áföllnum vöxtum, verðbótum og gengismun í árslok. Verðtryggð útlán eru færð miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 og gengistryggð lán miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í árslok 2011.

Skýringar, frh.:

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

e. Útlán frh.:

(i) Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfseminni, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Sparisjóðurinn hefur lagt í þennan reikning með hliðsjón af metinni útlánaáhættu hverju sinni. Annars vegar er um að ræða framlag vegna skuldbindinga lánþega sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar framlag til að mæta almennri útlánaáhættu. Hafi útlán verið metin í sérstakri tapshættu er hætt að tekjufæra vexti vegna þeirra. Afskriftarreikningurinn er dreginn frá útlánum í efnahagsreikningi að undanskildu framlagi vegna veittra ábyrgða sem fært er meðal annarra skulda í efnahagsreikningi.

(ii) Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst eignir vegna fullnustu krafna. Fullnustueignir eru færðar á áætluðu markaðsverði, eða kostnaðarverði eftir því hvort er lægra, í ársreikning sparisjóðsins.

f. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

Verðbréfum í eigu sparisjóðsins er skipt í veltuverðbréf og fjárfestingarverðbréf. Til fjárfestingarverðbréfa teljast bréf sem tekin hefur verið formleg ákvörðun um að eiga til lengri tíma en eins árs, en önnur bréf eru flokkuð sem veltuverðbréf.

Fjárfestingarhlutabréf eru eignfærð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra. Skráð veltuverðbréf eru eignfærð á markaðsverði í árslok. Óskráð veltuskuldabréf eru færð miðað við ávöxtunarkröfu við kaup en óskráð veltuhlutabréf eru færð á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er lægra.

g. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Húseign	50 ár
Húsbúnaður, skrifstofuáhöld og bifreiðar	5-10 ár

h. Handbært fé

Til handbærs fjár í sjóðstreymi teljast sjóður og gjaldkræfar kröfur á aðrar lánastofnanir. Handbært fé nemur samtals 3.247,4 millj. kr. í árslok 2011.

i. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar að teknu tilliti til yfirfæranlegs skattalegs taps. Mismunurinn sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímamismun á færslu tekna og gjalda í skattuppgjöri og í ársreikningi.

4. Þjónustutekjur

Þjónustutekjur sundurliðast þannig:	2011	2010
Ábyrgðarpóknun	1.789	2.310
Aðrar þjónustutekjur	39.232	38.048
Samtals	<u>41.021</u>	<u>40.358</u>

Skýringar, frh.:

5. Aðrar rekstrartekjur

a. Gjöld af eignarhlutum

Gjöld af eignarhlutum sundurliðast þannig:	2011	2010
Niðurfærsla hlutabréfaeignar	(6.131)	(20.239)
Hlutdeild í eignarhlutum sbr. skýring nr. 11	4.048	0
Samtals	(2.083)	(20.239)

b. Gengishagnaður

Gengishagnaður sundurliðast þannig:

Gjaldeyrstengdar eignir og skuldir	14.778	893
Samtals	14.778	893

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun	60.051	56.631
Önnur launatengd gjöld	14.179	14.147
Laun og launatengd gjöld greinast samtals	74.230	70.778
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	12	12
Stöðugildi í árslok	11	11

Laun og þóknarir til stjórnarmanna og sparisjóðsstjóra sundurliðast þannig:

Sparisjóðsstjóri	12.542	10.105
Stjórnarformaður	1.340	1.200
Aðrir stjórnarmenn (4)	2.740	2.400
	16.622	13.705

7. Þóknun endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda sparisjóðsins nam 7,9 millj. kr. árið 2011 og 7,0 millj. kr. árið 2010.

8. Skattar

Útleiðing á virku skatthlutfalli:	2011	2010
Hagnaður fyrir skatta	23.460	35.183
Reiknaður tekjuskattur	20% 4.692	18% 6.333
Eignarhlutir í félögum	1% 298	9% 3.267
Áhrif breytinga á tekjuskattshlutfalli	0% 0	0% (34)
Aðrir liðir	7% 1.655	0% 75
	28% 6.645	27% 9.641

Skýringar, frh.:

9. Kröfur á lánastofnanir

Kröfur á lánastofnanir greinast þannig:	2011	2010
Allt að 3 mánuðir	488.403	1.194.379
3 mánuðir og allt að 1 ár	60.000	23.895
Bundnar kröfur Sparisjóðabanka Íslands skv. reglum um bindiskyldu	48.206	23.984
Samtals	596.609	1.242.258

10. Útlán

a. Útlán til viðskiptamanna

Útlán til viðskiptamanna sundurliðast þannig eftir útlánsformum:

Yfirdráttarlán	936.874	759.455
Skuldabréf	2.207.598	2.077.313
Samtals	3.144.472	2.836.768

b. Útlán eftir lántakendum

Útlán flokkast þannig eftir lántakendum:

Bæjar- og sveitarfélög	0,0%	1,0%
Atvinnugreinar:		
Landbúnaður	5,0%	4,0%
Sjávarútvegur	7,0%	6,0%
Verslun	3,0%	3,0%
Iðnaður og verktakar	8,0%	9,0%
Þjónusta	14,0%	14,0%
Einstaklingar	63,0%	63,0%
Samtals	100,0%	100,0%

c. Útlán eftir eftirstöðvatíma

Útlán til viðskiptamanna greinast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

Gjaldkræf útlán	140.282	102.068
Allt að 3 mánuðir	781.909	572.856
Yfir 3 mánuði og allt að ári	240.087	225.857
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	834.953	732.849
Yfir 5 ár	1.147.241	1.203.138
Samtals	3.144.472	2.836.768

d. Fullnustueignir

Sparisjóðurinn hefur innleyst fasteignir vegna fullnustu krafna og eru þær metnar á áætluðu markaðsvirði eða kostnaðarverði því sem lægra reynist og nemur verðmæti þeirra 107,9 millj. kr. í árslok.

e. Óvaxtaberandi útlán

Heildarfjárhæð óvaxtaberandi útlána í árslok 2011 greinast þannig:

	2011	2010
Útlán sem sérstakar afskriftir hafa verið færðar fyrir	98.803	102.007
Sérstakur afskriftareikningur útlána	(37.700)	(34.172)
Önnur vaxtafryst útlán	68.024	71.647
Óvaxtaberandi lán samtals	129.127	139.482

Skýringar, frh.:

10. Útlán frh.:

f. Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána greinist þannig:

	Afskriftarreikningur		2011	2010
	Sérstakur	Almennur	Samtals	Samtals
Afskriftarreikningur útlána í ársbyrjun	133.213	84.311	217.524	182.571
Framlag í afskriftareikning á árinu	40.075	(1.246)	38.829	76.156
Framlag fært til lækkunar á fullnustueignum	(20.000)		(20.000)	0
Endanlega töpuð útlán		(3.105)	(3.105)	(41.203)
Afskriftarreikningur útlána í árslok	153.288	79.960	233.248	217.524
Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánnum og veittum ábyrgðum	4,8%	2,2%	7,0%	6,7%

11. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum

a. Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum

Skuldabréf og önnur verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	Markaðsverð	Bókfært verð 2011	Markaðsverð	Bókfært verð 2010
Veltuskuldabréf:				
Skráð skuldabréf	30.577	30.577	33.470	33.470
Samtals		30.577		33.470

b. Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum

Eignarhlutir í fjárfestingarhlutabréfum greinast þannig:

	Eignar- hlutur	Nafnverð/ hlutir	Bókfært verð
Greiðslumiðlun hf., Reykjavík	0,39%	1.576	15.759
Grand hótél Mývatn ehf., Skútustaðahreppi	10,11%	14.000	7.000
Reiknistofa bankanna hf., Reykjavík	0,27%	406	4.111
Motum ehf., Reykjavík	0,53%	795	3.332
Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	-	494	586
Sparisjóður Vestmannaeyja	-	489	489
FSP holding ehf., Reykjavík	2,44%	19.059	0
VBS fjárfestingarbanki hf., Reykjavík	1,20%	5.007	0
Smárahúsið ehf., Kópavogi	-	190	0
Önnur félög		2.037	286
			31.563

c. Hlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Afkomu- hlutdeild	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutir í lánastofnunum:				
Sparisjóðabanki Íslands hf., Reykjavík	1,3%	0	14.854	0
Teris, Reykjavík	1,1%	4.048	14.004	12.294
Hlutdeildarfélög alls		4.048		12.294

Skýringar, frh.:

12. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Húseignir og lóðir	Bifreið	Húsbúnaður og tæki	Samtals
Bókfært verð				
Heildarverð 1.1.2011	56.250	2.890	10.362	69.502
Afskrifað samtals 1.1.2011	(19.848)	(2.023)	(8.981)	(30.852)
Bókfært verð 1.1.2011	36.402	867	1.381	38.650
Afskrifað á árinu	(785)	(289)	(259)	(1.333)
Bókfært verð 31.12.2011	35.617	578	1.122	37.317
Heildarverð 31.12.2011	56.250	2.890	10.362	69.502
Afskrifað samtals 2011	(20.633)	(2.312)	(9.240)	(32.185)
Bókfært verð 31.12.2011	35.617	578	1.122	37.317
Afskriftarhlutföll	2%	10%	20%	

Fasteignamat og vátryggingaverð

Fasteignamat húseigna sparisjóðsins í árslok 2011 nam 37,0 millj. kr. og lóða 3,5 millj. kr. eða samtals 40,5 millj. kr. Brunabótamat húseigna nam á sama tíma 150,4 millj. kr. Vátryggingarverð húsbúnaðar nam 31,0 millj. kr. í árslok.

13. Eignir og skuldir háðar verðtryggingu eða gengisáhættu

Heildarfjárhæð verðtryggðra eigna nam 1.798 millj. kr. í árslok 2011 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 1.892 millj. kr.

Heildarfjárhæð eigna í erlendum gjaldmiðlum nam 327,7 millj. kr. í árslok 2011 og heildarfjárhæð slíkra skulda nam á sama tíma 90,8 millj. kr.

14. Innlán

Bundin innlán sundurliðast þannig samkvæmt eftirstöðvatíma:

	2011	2010
Allt að 3 mánuðir	398.492	377.158
Yfir 3 mánuði og allt að 1 ári	428.996	587.719
Yfir 1 ár og allt að 5 árum	805.934	969.938
5 ár og síðar	192.673	184.880
Samtals	1.826.095	2.119.695

15. Tekjuskattsskuldbinding (skatteign)

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) greinist þannig:

Skatteign í ársbyrjun	(345)	(187)
Tekjuskattur til greiðslu	(4.448)	(9.799)
Tekjuskattur ársins	6.645	9.641
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok	1.852	(345)

Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) sparisjóðsins skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(178)	(178)
Frestun gengismunar	2.030	(167)
Tekjuskattsskuldbinding (skatteign) í árslok	1.852	(345)

Skýringar, frh.:

16. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

	Stofnfé	Varasjóður	Samtals
Eigið fé 1.1.2011	53.162	270.359	323.521
Innleyst stofnfé	(306)	0	(306)
Hagnaður ársins		16.815	16.815
Greiddur arður	6.343	(12.687)	(6.344)
Eigið fé 31.12.2011	<u>59.199</u>	<u>274.487</u>	<u>333.686</u>

Eigið fé í árslok 2011 nemur 333,7 millj. kr. eða 4,9% af niðurstöðutölu efnahagsreiknings, að viðbættum ábyrgðum utan efnahagsreiknings. Eiginfjárlutfall sparisjóðsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki er 9,0%, en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hlutfallið reiknast þannig:

	2011	2010
Heildar eigið fé	333.686	323.521
Skatteign	0	(345)
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>333.686</u>	<u>323.176</u>

Heildar eiginfjárfkrafa skiptist þannig:

Útlánaáhætta	235.376	223.726
Markaðsáhætta	24.939	15.968
Rekstraráhætta	37.590	16.791
Eiginfjárfkrafa	<u>297.905</u>	<u>256.485</u>
Eiginfjárgrunnur umfram eiginfjárkröfu	<u>35.781</u>	<u>66.691</u>
Eiginfjárlutfall	9,0%	10,1%

17. Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Sparisjóðurinn hefur gengist í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn sína og veitt þeim yfirdráttarheimildir. Þessar skuldbindingar greinast þannig:

	2011	2010
Veittar ábyrgðir vegna viðskiptamanna	130.034	147.824
Ónotaðar yfirdráttarheimildir	165.722	235.102

18. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar sparisjóðsins eru stjórn sparisjóðsins, sparisjóðsstjóri, lykilstarfsmenn, félög þeim tengdum og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	2011	2010
Lán til tengdra aðila	41.524	49.737

Engin óvenjuleg viðskipti voru við tengda aðila á tímabilinu.

Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

19. Önnur mál

Í júní 2010 og í febrúar 2011 dæmdi Hæstiréttur gengistryggingu tiltekinna lánasamninga sem gerðir eru í íslenskum krónum ólögmæta. Vegna dómanna ríkir óvissa um lögmæti lánasamninga sem tengdir eru erlendum myntum. Í febrúar 2012 dæmdi Hæstiréttur að lánveitendum væri óheimilt að leiðrétta vexti sem lántakar höfðu greitt af lánum sem höfðu verið dæmd ólögleg, enda lægi fullnaðarkvittun fyrir greiðslu vaxtanna. Óvissa er um fordæmisgildi dómsins en sparisjóðurinn hefur þrátt fyrir það metið hugsanleg áhrif dómsins og gjaldfært 13,2 millj. kr. í ársreikningi 2011.

Þeim lánasamningum sem sparisjóðurinn telur að falli undir framangreinda dóma um ólögmæt gengistryggð lán hefur ekki verið breytt í lán í íslenskum krónum. Einnig eru þrjú lán hjá sparisjóðnum sem falla ekki undir dóminn. Sparisjóðurinn hefur metið áhrif þess á fjárhagsstöðu sjóðsins ef þau lán verða einnig talin ólögleg. Samkvæmt matinu má ætla að sjóðurinn gæti orðið fyrir allt að 13,3 millj. kr. viðbótartapi.